




Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa – Stjórnugróf 9 - USK23100309

Lögð fram fyrirspurn Önnu Margrétar Hauksdóttur, dags. 25. október 2023, um breytingu á deiliskipulagi Bjarkaráss vegna lóðarinnar nr. 9 við Stjórnugróf sem felst í að stækka byggingarreit og auka nýtingarhlutfall lóðar, en fyrirhugað er að rífa gamalt gróðurhús á lóð og byggja annað stærra í þess stað, ásamt því að byggja lítið kaffihús og að fella aspir, samkvæmt tillögu, ódags.

Skipulag í gildi



Aðalskipulag Rvk - 2040



Deiliskipulagi Fossvogshv. svæði IV, 1968



Fossvogshverfi „breyting á deiliskipulagi vegna Stjórnugróf 7,9 og 11“ - 2018



Fossvogshverfi „breyting á deiliskipulagi vegna Stjórnugróf 7,9 og 11“ - 2021

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er stjórnugróf 9 á skilgreindu svæði fyrir samfélagsþjónustu (S61) - Leikskólar, trúar- og lífsskoðunarstofnanir – Samfélagsþjónusta

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag Fossvogshverfis „Breyting á deiliskipulagi vegna Stjórnugróf 7,9 og 11“ samþykkt í borgarráði 05.05.2021. Svæðið er hluti af heildardeiliskipulagi Fossvogshverfis – svæði IV, samþykkt í borgarráði 06.02.1968.

Umsögn

Í fyrirspurn er óskað eftir að stækka byggingarreit, auka nýtingarhlutfall lóðar, rífa gamalt gróðurhús og byggja annað stærra í þess stað, ásamt því að byggja lítið kaffihús og að fella aspir.

Í gildandi deiliskipulagi er búið að stækka byggingarreit gróðurhúss og innan hans er heimilt að rífa núverandi gróðurhús, stækka það eða byggja nýtt. Í skilmálum er einnig talað um að lóðin er gróin og það skal halda í þann gróður sem fyrir er. Heimilað er að gera hljóðmön við lóðmörk til austust til að bæta hljóðvist á lóðinni því hún liggur við miklar umferðaræðar eins og Reykjanesbraut og Bústaðarveg og áhersla er lögð á góðar tengingar fyrir göngu- og hjólastíg um svæðið.



Uppdráttur með fyrirspurn, Stjórnugróf 9


Í hljóðvistarskýrslu sem var gerð í tengslum við deiliskipulagsvinnu 2018 fyrir Stjörnugróf 11 hefur farið fram greining á hljóðvist á öllum deiliskipulagsreitnum Bjarkarás (Stjörnugróf 7,9 og 11). Í þessari skýrslu mælist hljóðstig á útisvæðum t Leq ≤ 55 dB(A) á lóð Bjarkarás og bent er á að hljóðmön eða hljóðveggur við lóðarmörk getur bætt gæði og lækkað hljóðstig lóðar töluvert.

Niðurstaða

Ekki eru gerð skipulagslegar athugasemdir við fyrirspurnina. Lóðarhafi þarf að láta vinna breytingu á deiliskipulagi á eigin kostnað því uppbygging samræmist ekki gildandi deiluskipulagi. Mælst er með því að halda í þann góður sem er á lóðinni líkt og er í gildandi skilmálum, einnig að klára að útfæra hljóðvistalausnir fyrir lóðina til að auka gæði og lækka hljóðstig á útisvæðinu.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Marta María Jónsdóttir
landslagsarkitekt/verkefnastjóri



MYND 2 Stjörnugróf 11, hljóðkort í 2 m hæð yfir landi, hljóðstig við húshliðar.

Linkur inn á hljóðvistarskýrslu:

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DiisplayDoc.aspx?itemid=12636802046699610213>